

Fundur Trúnaðarráðs 8.9. 2020 klukkan 10:00.

Fundinn sóttu? – Allir skráðu sig í gestabókina, þannig að þar ætti að vera hægt að fá nöfnin ath.

Fundarstjóri: Tryggvi Jakobsson

Fundarefni

1. Staða félagsins
2. Staða stéttarinnar
3. Kosning eða skipan í kjaranefnd og undirbúningur næstu kjarasamninga (gildir til 2022)
4. Önnur mál

1. **Staða félagsins.** Lagabreytingar voru gerðar á síðasta aðalfundi, trúnaðarráð fundar nú ársfjórðungslega. Stjórn félagsins hefur haldið fjóra fundi frá því í júní, unnið að ýmsum málum og afgreitt þau, sjá fundargerðir á vefnum. Unnið er að því að gæta réttinda nokkurra félaga. Lögfræðingur er okkur til aðstoðar og nú er unnið að því að formfesta það. Skipað hefur verið í allar fastanefndir sem eru fjórar. Þær verða kallaðar á fund með stjórn á næstunni. Tekjufall er mjög mikið hjá félaginu og það varð að gera eitthvað í málinu, m.a. var framkvæmdastjóra sagt upp í sparnaðarskyni. Enginn veit hversu lengi þetta ástand mun vara. Stendur til að flytja í nýtt húsnæði um eða eftir áramót.

Aðstoð félagsins við félagsmenn í deilu við vinnuveitendur þarf að vera skýr. Farið yfir tímaskráningar, samninga og þess háttar. Félagið aðstoðar síðan við að leita til lögfræðings, en viðkomandi félagsmaður vinnur það svo áfram, enda í flestum tilfellum mál milli hans/hennar og vinnuveitanda. Félagið er í sambandi við lögfræðinga sem eru sérfræðingar á þessu sviði. Til eru verklagsreglur varðandi mál sem fara til stjórnar. Ef sjálfboðaliðar í félaginu leggja slíkri vinnu lið eiga þeir að skrifa undir trúnaðarskjal, enda einatt um viðkvæm og persónuleg mála að ræða.

Fórst fyrir að skipa í stjórn Sjúkrasjóðs á aðalfundi. Verður að vera annað fólk en það sem situr í stjórn eða sinnir öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Þarf að halda aukaaðalfund um það mál sérstaklega og hann verður væntanlega haldinn nú í haust, ekki verða önnur mál á dagskrá þess fundar. Fundarmenn voru beðnir um að senda inn endurbótatillögur fyrir sjúkrasjóð. Rætt um skipan stjórnar sjúkrasjóðs og rætt um að ekkert mæli gegn því að sækja fólk með sérþekkingu á þessu sviði út fyrir félagið.

Hvernig er staða okkar allra í þessu ástandi? Er réttur okkar smám saman að renna út? Kanna hver réttur okkar er varðandi það. Þarf að ræða í stjórn. Heimasíðunni hrósað. Rætt um að passa vel upp á persónuvernd varðandi sjúkrasjóð og fleira.

Óskar gjaldkeri greindi frá fjármálum félagsins. Um 40% tekjufall síðan í apríl en VMST greiðir félagsgjöld. Hugsanlegur stuðningur frá hinu opinbera? Spurning um hækkun starfshlutfalls starfsmanns í 75%, en álag er töluvert vegna ástandsins, margar fyrirspurnir berast og full þörf á meira vinnuframlagi. Spurt um greiðslur, þarf að hugsa. Þarf að skilgreina betur hvernig tekjur dreifast innan starfseminnar. Fagdeildin ber uppi mikinn hluta starfseminnar, er það sanngjarnt?

2. **Staða stéttarinnar.** Nánast öll atvinnulaus. Vinna að endurmenntun og að efla raunfærnimat. Hvað viljum við gera til að tekjur fylgi reynslu og menntun?

Hvað má læra af mistökum síðustu ára? Stóru aðilarnir hafa verið ráðandi. Lýtur lögmaðlum þeirra en ekki annarra. Hvernig ferðamannaland viljum við vera? Við getum stjórnað því að mörgu leyti. Aukin

áhersla á græna gæðaferðamennsku. Hagsmunamál fyrir landsbyggðina. Vinna með þeim sem bjóða upp á golf, sund, veiði og þess háttar þemaferðir. Flótti úr stéttinni, ungt fólk er að fara og ætlar ekki að koma ekki aftur. SAF og fleiri hafa komið neikvæðu orði á ferðaþjónustuna. Stór kúla sem öllum hefur verið sama um þar til núna. Margir hafa litið á ferðaþjónustuna sem gullgæs en er alveg sama um hana að öðru leyti. Allt snerist um að fá sem flesta, græða sem mest en gæðin hafa ekki skipt máli. Nú er tækifæri fyrir leiðsögumenn til að hafa áhrif á þetta. Hafa stóran hugmyndafund, “þjóðfund” um málið?

Markmiðið á ekki að vera að græða sem mest heldur skapa virðisauka almennt í víðustu merkingu orðsins. Dreifa gestum okkar sem mest og auka fjölbreytnina sem allra mest. Skiptir máli hvernig við segjum frá Íslandi. Hvernig sumir tala illa um land og þjóð. Greinileg þörf fyrir almenna umræðu, virkja almenna félagsmenn að þessu leyti. Taka þátt í atburðum sem sýna leiðsögumenn í jákvæðara ljósi. Stórfyrirtækin stjórna ekki ferðaþjónustu heldur farþegaflutningum. Aðgreina ferðaþjónustu og ferðaþjónustu og/eða gestgjafaþjónustu. Nú eigum við að taka völdin en ekki láta aðra um að stjórna umræðunni. Búa til samræmda upplýsingahandbók fyrir leiðsögumenn?

Auka sýnileika. Láta vita af okkur. Hjálpa þeim sem eru að reka lítil fyrirtæki.

Fjórða byltingin er að skella á. Hvað viljum við? Hvaða áhrif viljum við hafa?

Baráttumál félagsins hefur lengi að fá lögvernd. Löggilding er ekki í boði. Hins vegar er lögvernd hugsanleg í stjórnarsýslunni. Leiðsögumenn eiga að hugsa um öryggi, náttúru- og neytendavernd. Sækja efni til landvarða, bæði þekkinguna og verndina? Ef starfið er lögverndað er hægt að auka eftirlit með okkur og auka aðhald. Á móti kemur að við getum gert auknar launakröfur. Þegar hefur verið fundað með forsætisráðherra, umhverfisráðherra og fundað verður með ferðamálaráðherra bráðlega. Markmið að koma lögvernd á koppinn. Óskað eftir fleiri hugmyndum úr trúnaðarráði. Ákveðið að halda tveggja tíma undirbúningsfund áður en fulltrúar félagsins ganga á fund ráðherra. Lögverndin þýðir að SAF losnar við félagsleg undirboð og viðvaningshátt. Samningar kveða á um forgang löglærðra félagsmanna.

3. Kjaranefnd er svo skipuð: Valva Árnadóttir, Guðný Margrét Emilsdóttir, Jakob S. Jónsson, Stefán Arngrímsson, Pétur Gunnarsson (gildir til 2022).

Fundi slitið